



„Að vera ekki bara í einni búbbli“

● Á sýningu Huldu Rósar Guðnadóttur í Listasafni Reykjavíkur eru vídeóverk um vinnu löndunarmanna og skúlptúrar úr kössum fyrir frystan fisk ● Segir mörg lög og spurningar felast í verkinu

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Sýning Huldu Rósar Guðnadóttur, *WERK – Labor Move*, verður opin frá og með morgundeginum í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Á sýningunni beinir Hulda Rós sjónum „að samfélagslegum viðfangsefnum í staðbundinni innsetningu“ sem unnin er fyrir salinn í Hafnarhúsinu. Verkið samanstendur af þrjúgjá rása kvikmyndaverki sem heitir *Labor Move* og skúlptúrum, gerðum úr þúsundum kassa eins og þeim sem frystum fiski er pakkað í um borð í frystitögurum. Einnig er sýnd upp-taka af samsetningu skúlptúranna í aðdraganda sýningarinnar.

Hulda Rós fæddist í Reykjavík en hefur verið búsett í Berlín í meira en áratug. Hún er með BA-gráðu í mannfræði, MA-gráðu í gagnvirkri hönnun og brautskráðist úr myndlistardeild LHÍ árið 2007. Hulda Rós segir að kvikmyndaverkið *Labor Move* sé upphafspunktur innsetningarinnar. Þar má sjá löndunarmenn fremja gjörning sérstaklega fyrir kvikmyndun og var hann byggður á þeim hreyfingum sem þeir hafa tileinkað sér við löndun kassa með frosnum fiski úr botni frystitogara og yfir á hafnarbakkann. *Labor Move* sé listaverk í sjálfu sér en einnig heimild um 48 klukkustunda langan gjörning löndunarmannanna í viðurvist áhorfenda í sýningarrými í Leipzig í Þýskalandi. Tímalengd gjörningsins er sú sama og löndunarmenn hafa alla jafna til að landa úr frystitogara.

Löndunarmennirnir komu einnig fram í einrása kvikmyndaverki Huldu Rósar, *Keep Frozen*, sem frumsýnt var árið 2016. *Keep Frozen* verður sýnd í fjölnotasal Hafnarhússins á sýningartímabilinu.

Heimkoma fyrir verkið

Þegar blaðamaður kemur að hitta Huldu Rós í sýningarsalnum stendur hún inni á milli hárra kassastæða og er ásamt tæknimönnum að finnstilla vídeóverkið sem varpað er á



Morgunblaðið/Einar Falur

Í innsetningunni Hulda Rós innan um kassastæður og við eina vídeóvörpunina á sýningu sinni í sal Hafnarhússins. Löndunarmennirnir í vídeóverkinu komu frá Reykjavík til Leipzig þar sem þeir framkvæmdu gjörning í 48 tíma.



Fiskikassar Hulda Rós lét gera 6.000 kassa í Litháen fyrir innsetninguna og eru þeir merktir henni.

þrjú há sýningartjöld fyrir miðjum sal. Þar má sjá löndunarmennina færa til kassa og stafla upp í gjörningnum sem þeir framkvæmdu á 48 klukkustundum suður í Þýskalandi. „Viðeóverkið, sem er útgangspunkt-

urinn í sýningunni, hefur verið sýnt þrisvar sinnum erlendis en sést nú í fyrsta skipti hér á landi,“ segir Hulda Rós. Hún bætir við að löndunarmennirnir sem koma við sögu í verkinu hafi þar til nýverið haft aðstöðu við Reykjavíkurbörn, skammt frá Hafnarhúsinu, og hafi starfað við löndun úr togurum þar við höfnina. „Þetta er því eins konar heimkoma fyrir verkið,“ segir hún og brosir.

„Löndunarmennirnir þurftu því að leggja land undir fót þegar þeir komu til Leipzig árið 2016 fyrir upp-tökurnar sem voru í fyrstum orkustöð. Gjörningurinn þar var opin áhorfendum og var kvikmyndaður á sama tíma. Ég ákvað að nálgast dokúmentasjón af gjörningnum á forsendum kvikmyndalista. Það var sýnt í fyrsta skipti þar í salnum tveimur vikum seinna, með leifar af

framkvæmd gjörningsins allt um kring. Það var í fyrstum orkustöð, byggingu frá 19. öld sem hafði fengið breytt hlutverk rétt eins og Hafnarhúsið sem við erum nú í. Þar eins og hér má sjá hlíðstæður í vinnu verkamannanna við vinnuna sem fór fram í þessum byggingum áður fyrr en mér finnst slíkt „heldrunarferli“ – *gentrification* upp á ensku – vera mjög áhugavert. Hafnarhúsið var fyrsta byggingin hér við Reykjavíkurbörn sem fékk nýtt hlutverk sem bygging fyrir list- og menningarstarfsemi sem svo hefur orðið einkennandi fyrir svæðið, á sambærilegan hátt við þróun á hafnarvæðum víða um heim.“

Söfn ekki bara sýningarstaðir

Hulda Rós bætir við að hún vinni gjarnan í seríum í verkum sínum. „Í listrannsókn þar sem sýningararnar eru hluti af rannsókninni og oft er ég að nota aftur þætti úr fyrri sýningum en raða þeim upp með öðrum hætti en áður. Þessi salur var áður vörugymsla og mér finnst áhugavert að stilla saman verklegri vinnu sem var framkvæmd hér áður og þeirri sem á sér stað núna. Söfn eru ekki bara sýningarstaðir heldur er í samtímalistasöfnum mikið verið að framleiða ný verk, ekki síst þegar um innsetningar er að ræða, og starfsmenn safnins vinna þá mjög líkamlega vinnu – ég vann nú herna sjálf á sínum tíma svo þetta þekki ég vel af eigin reynslu. Við gerðum hér nýtt vídeóverk sem sýnir starfsmenn safnins setja saman þær þúsundir kassa sem eru hér í salnum sem skúlptúrar, og við það voru ákveðnar endurteknar hreyfingar, rétt eins og hjá löndunarmönnum.“

Þetta nýja vídeóverk verður sýnt í safnabúðinni, sem hæfir vel enda eru sala og slík þjónusta líka hluti af starfsemiinni í söfnum.“

Sjónarhorn til ólíkra átta

Eins og fyrr segir verður heimildarkvikmyndin *Keep Frozen* sýnd reglulega í fjölnotasal Hafnarhússins meðan á sýningu Huldu Rósar stendur. Í myndinni má sjá löndunarmennina vinna að raunverulegri löndun hér við höfnina. Myndin hefur verið sýnd í slíku kvikmyndasambandi á kvikmynda-hátíðum og í listrænum kvikmynda-húsum erlendis, sem og í endurtekningu innan myndlistarsambands, bæði á einkasýningu Huldu Rósar í nútímalistasafni í Berlín og á sam-sýningu á Indlandi. Listakonan staðsetur sig þannig á mörkum kvikmynda-listar og myndlistar og finnst

það áhugavert og gefa sér mikið.

„Við erum ekki mörg í Evrópu sem vinnum þannig en það gefur mér spennandi möguleika, mér finnst gott að vera ekki bara í einni búbbli,“ segir Hulda Rós og notar kunnuglegt orðfæri samtímans. „Mér finnst athyglisvert að fá þannig sjónarhorn til ólíkra átta. Mjög ólíkt samtal á sér stað í kvikmynda-gerð og í samtímamyndlist, og þar eru líka ólík viðbrögð við verkum, og ólík viðmið á gæði, viðfangsefni og nálgun, og ekki síður hvað varðar dreifingu og fjármögnun.“

Að baki heimildarmyndum er yfirleitt hugmyndin um að skrá veruleikann eins og hann er, með einhvers konar hlutleysi – hlutleysi sem er samt ekki til því það er höfundur að öllum verkum og höfundar velja hvað er myndað og hvernig. Það er því verið að búa til veruleika. En í samtímalist er síðan gengið út frá því að listamaðurinn sé að búa eitt-hvað til, að skapa. Mér finnst áhugavert að vinna með þessar ólíku hugmyndir um höfund, til dæmis í samtalinu milli þessarar vídeó-innsetningar og heimildarmyndarinnar um sama efni.

Fyrst gerði ég heimildarmynd um löndunarmennina hér, svo komu þeir til Leipzig, í listrýmið, og framkvæmdu gjörningin um og út frá sinni vinnu. Við það urðu til mörg lög og spurningar – er annað verkið heimild um gjörning en hitt kvikmyndagjörningur sem heimild?“

„Kjarninn í mér er hér“

Þrátt fyrir að Hulda Rós hafi verið búsett í Berlín í meira en áratug og sé þar virk í sýningarhaldi finnst henni líka mikilvægt að koma hingað heim að sýna verk sín.

„Hér er minn bakgrunnur, kjarninn í mér er hér,“ segir hún. „Hingað sækir ég innblástur. Það er mér mikilvægt að hafa eitthvað að segja og það verður að byggja á mér sjálfri og mínum kjarna, þótt það hafi líka víðari skírskotanir. Hér voru mín mótunarár, hér mótaðist tilfinningalfífið og skoðanir mínar á fagurfræði. Ég hef ekki gert nein verk um borgarveruleikann í Berlín, ég er frekar að vinna úr því sem ég tók áður inn. En þar fyrir utan hef ég ferðast mikið allt frá unglingsaldri og hef lengi haft sýn að utan á Ísland.“

Því finnst Huldu gott að starfa í Þýskalandi og vinna þar úr reynslu sinni og hugmyndum, „með fjarlægðina til að geta greint og metið“, eins og hún segir.

Ög hún segir stöðu fólks innan listheimsins ólíka hér á landi og í Þýskalandi. „Ég kem til að mynda ekki úr menningarstétt hér heldur því stéttarhlaupi sem má kalla Íslandssögu tuttugust aldar, og mér líður vel í verkamannakultúr. Finnst ég ekki vera utanaðkomandi í honum. Ég byrjaði líka sjálf að vinna í sveit níu ára gömul og í fiski tólf ára. Það finnst mér skipta máli. Í þessu verki hér er ég ekki að framandgera „hina“ heldur get vísað í sameiginlega reynslu.“ Því býst hún líka við ólíkrí upplifun gesta af þessu verki hér en í Þýskalandi.

„Strax við uppsetninguna hér könnuðust þeir sem að henni komu við verkin og handbrögðin við löndun, enda hafa svo margir Íslendingar unnið í frystihúsi og við fiskvinnslu. Í Þýskalandi er stétta- og starfsskipting miklu meira niðurnjörvuð. Fólk hefur ekki margvíslega reynslu af vinnumarkaði eins og hér. Menntamaður þar hefur ekki aðgang að verkamannavinnu og kerfið er þannig að það eru litlar líkur á að börn verkamanna geti orðið menntamenn. Fólk sem fer þar á listsýningar er líklega viss forréttindahópur sem hefur aldrei dýft hendi í kalt vatn. Og upplifir vinnuna í verkinu sem framandi.“